

Sp.

34. Tillaga til þingsályktunar

[34. mál]

um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir um stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann. Við endurskoðun þessa skal sérstaklega hafa í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig:

1. að auka og taka upp kennslu í síðasttöldu greinunum við verknám gagnfræðastigsins,
2. að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrædd og er því endurflutt nú.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt á s. l. vetri:

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík eru frá 12. apríl 1945, nr. 69. Síðan þau voru sett, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þeim. Flm. þessarar tillögu finnst nú tímabært, að þessi lög verði endurskoðuð, vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á búnaði skipa, svo sem siglingatækjum og fiskleitartækjum, og meðfram vegna laga þeirra, sem sett voru um ferskfiskeftirlit þann 31. maí 1960, en í þeim lögum var nokkuð komið inn á þau mál, sem þessi þáttill. fjallar um. Í lögum þessum kveður á um, hvaða verkefni skuli falin fiskmatsráði, en þar segir m. a.: „að það skuli endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat“, og í skýringum segir: „Að undanförunu hafa verið uppi meðal manna, sem stunda fiskvinnslu og verzlun með fiskafurðir, mjög háværar raddir um, að gagnger endurskoðun þurfi að fara fram á gildandi lögum og reglugerðum um fiskmat.“

Frumvarpið um ferskfiskeftirlit var byggt á starfi og tillögum nefndar, sem skipuð var 15. sept. 1958, en samið af sjávarútvegsmálaráðuneytinu. Þessi nefnd

lét greinilega í ljós þá skoðun sína, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hafi í mörgum greinum hrakað undanfarin ár, og hún taldi jafnframt, að ástæðnanna væri einkum að leita í hrakandi gæðum hráefnis, sem til vinnslunnar fer, en ekki í göllum á vinnslunni sjálfri.

Nefndin setti fram ákveðnar tillögur í þessu efni um, að fiskmatsráð „vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð aflans, enn fremur skipuleggi það og framkvæmi hvers kyns áróður til þess að auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun. — Það hlutist og til um að kennsla í fiskvinnslu verði hafin nú þegar í sjómannaskólanum og hún verði síðar gerð að skyldunámsgrein.“

Þessir nefndarmenn virtust gera sér fulla grein fyrir þýðingu þess, að yfirmenn og verðandi yfirmenn á skipaflota okkar hafi kunnáttu og þekkingu auk ómetanlegrar reynslu í þessum málum. Sjávarútvegsnefndir Alþingis og aðrir alþingismenn komu svo á móti skoðunum undirbúningsnefndarinnar í þessu máli.

Á síðustu árum hefur tvisvar verið flutt þáttill. Þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir setningu lögjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatismenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun. Í grg. fyrir tillögu þessari sagði m. a.:

„Ef Íslendingar ætla að verða fyrirmyndar fiskiðnaðarþjóð, verður það ekki betur gert en með því að sérmennta fólk í þessari iðngrein. Undirstaða allrar iðnþróunar eru vel menntir starfsmenn og sérfræðingar í hverri þeirri grein, er að iðnaðinum lýtur. Þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðilega þekkingu eykst og stöðugt á öllum sviðum og þá ekki síður í fiskiðnaði en öðru.“

Þá er og minnzt á í grg. þessarar tillögu, hve mikill voði sé á ferðum, ef á bresti, að ævinlega sé vandað til framleiðslunnar eins og unnt er, og hent á einstök dæmi þar um, bæði til lands og sjávar. Engum dylst, hveru alvarlegt vandamál er þarna drepið á.

Enginn vafi leikur á, að grundvöllur fjárhagslegrar afkomu þjóðarinnar í nútíð og næstu framtíð eru fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn. Það, að vel og skynsamlega sé á haldið og að vel takist til um framkvæmd allra þeirra mála, sem varða aðalútflutningsvöru okkar, — allt frá því að undirbúningur undir veiðarnar er hafinn og þar til fiskurinn er kominn í hendur neytandans, — er ekki aðeins hagsmunamál einstakra hópa eða stétta í þjóðfélaginu, heldur lífshagsmunamál íslensku þjóðarinnar.

Í áðurnefndri greinargerð er minnzt á hin miklu og góðu áhrif, sem búnaðarskólarnir hafa haft fyrir íslenskan landbúnað.

Áhugamönnum á því sviði þykir þó ekki nóg að gert, því að fyrir Alþingi hefur legið frv. um stofnun búnaðarháskóla.

Enginn skóli sambærilegur við búnaðarskólana er til í okkar höfuð-framleiðslugrein, enginn skóli, sem sérmenntar menn í fiskiðnaðinum, engin kennsla um meðferð afla og vinnslu í þeim skóla, er sérmenntar þá skipstjórnarmenn, er veiða og flytja fiskinn að landi.

Allir hljóta að vera sammála því, að æskilegasta lausnin væri sú, ef leysa mætti þau vandamál, sem hér hefur verið á drepið, sameiginlega og jafnframt myndist úrbót á enn einu vandamáli, sem Alþingi hefur oft glímt við, en það er fólkseklan á fiskiskipunum og þá í þessu sambandi sérstaklega hvað viðvíkur þeim mönnum, sem við skipstjórn fast.

Sú staðreynd hefur verið ljós, a. m. k. fram að síðasta skólaári stýrimannaskólans, að fjöldi þeirra, sem lokið hafa prófi frá fiskimannadeild hans, hefur farið minnkandi með vaxandi skipastól landsmanna. Fyrir þá, sem til þekkja þarf vart að lýsa þessu vandamáli. En ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til að minnast þess, að t. d. á mörgum togaranna voru hinir svokölluðu prófmenn meðal kjarnans í skipshöfninni, þótt eigi teldust til yfirmanna. Í þessum hópi voru framsæknir áhugamenn, sem urðu að sýna í starfi yfirburði sína til að teljast hlutgengnir í hinni hörðu samkeppni þeirra á milli um mannaforráð. Nú hefur þetta gerbreytzt.

Á móti hinni alhliða þróun mannekluvandamálsins á fiskiskipunum hefur ekki verið hamlað — fyrr en nú í seinni tíð með þættum kjörum fiskimannanna og aukinni aflasæld vélbátaflotans, þótt sorglega seint reynist unnt að færa hinn höfuð-þátt útgerðarinnar þar til jafns.

En á móti skorti þeirra, sem hugðust leggja út í harða samkeppni um mannaforráð á skipaflota okkar, hefur ekki verið gengið af raunsæi, heldur gefið eftir og stuðlað að því á annan hátt, að af þessari öfugþróun yrði. Þótt allt það bezta megi segja um tilganginn, má þó fullyrða, að á þessu sviði sem svo mörgum öðrum hjá okkar þjóð hefur það, sem til bjargar átti að verða, beint að afleiðingum ríkjandi ástands, en ekki orsökum, og því verið leyst úr tímabundnu vandamáli, en framtíðarvandamál skapað í staðinn.

Flutningsmenn benda á þetta vegna þess, að Alþingi hefur beitt sér fyrir því að draga úr námskröfum og námstíma þessara manna, og mun stýrimannaskólinn vera eini skóli landsins, sem átt hefur þessa þróun á undanförnum árum, þótt hins vegar megi fullyrða, að í fáum skólum hefur verið meiri ástæða til hins gagnstæða, eins og æ fleiri mönnum er nú að verða ljóst.

Þessi þróun á sér stað á sama tíma og skólamál iðnaðarins taka stórstigum framförum og aðalágreininger framámanna þriðja höfuðatvinnuvegarins í sínum skólamáli er um það, hvar háskóli þeirra eigi að vera staðsettur. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og verðmæti skipa og tækja, sem skipstjórnarmenn bera ábyrgð á, þurfa að læra ekki aðeins að nota, heldur einnig að fara með, margfaldast að verðmæti og skiptir í öllum tilfellum milljónum króna og allt að milljónatugum.

Á sviði menntunar yfirmanna á fiskiskipunum hefur verið látið undan síauknum kröfum útgerðarmanna um undanþágur vegna skorts á mönnum með réttindi stýrimanna og skipstjóra og ekki síður vegna óska manna sjálfra, sem eðlilega hafa ekki viljað eyða nema lágmarkstíma í nám, sem er svo algerlega sérhæft, að það er til lítilla nota sem sérnám, eftir að í land er komið, og gefur engin réttindi til vinnu þar fram yfir þann, sem engrar framhaldsskólamenntunar hefur notið. Allir aðrir skólar, sem sérmennta menn undir störf á skipum okkar, eiga því láni að fagna að geta veitt nemendum sínum menntun, sem þeir hafa sömu not af, hvort sem er á sjó eða landi. Má þar nefna vélstjóra, loftskeytamenn, matsveina og bryta. Benda má á, að dæmi finnast um það, að meginhluti sumra hópa, sem útskrifast hafa frá stýrimannaskólanum, er horfinn í land til annarra starfa, frá sjómennskunni til hinna margvíslegustu fastra starfa — og hafa jafnvel lagt í nýtt, langt nám og þar með kastað á glæ þeim starfsárum, sem fóru í hið fyrra nám.

Þegar grennslazt er eftir, af hverju þetta stafi, er að visu oftast minnzt á þá staðreynd, að störfín í landi séu betur launuð, miðað við vinnutíma, heldur en sjóstörfín, eða svo hafi a. m. k. verið. En veigamesta ástæðan kemur alltaf fram fyrr en síðar, sú, að í landi er um að ræða fast, öruggt starf án fjarvista frá heimilum sínum, minni efnalegar áhyggjur eða erfiði og vosbúð, starf, sem þeir geta stundað fram á elliár og verið vel hlutgengir til. Þeir vita vel, að tækifæri til að hljóta slík störf gefast ekki, eftir að komið er fram yfir miðjan aldur og starfsorkan jafnvel farin að bila.

Ef kennsla í fiskvinnslu og fiskmeðferð verður tekin upp við stýrimannaskólann, eins og lög mæla þegar fyrir um, vilja flm. þessarar þáttill., að athugað verði, hvort eigi megi leysa um leið þau vandamál, sem hér hefur verið dregið á, með stofnun sérstaks sjóvinnuskóla, sem hver og einn gæti fengið aðgang að, en kannske þó frekast þeir, er lokið hefðu undirbúningsnámi frá gagnfræðaskólum í sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Í sjóvinnuskóla þessum væri kennd alls konar sjóvinna, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmat og verkstjórn og fengju nemendur, er prófi lykju, réttindi í síðasttöldu námsgreinunum. Skóli þessi væri skylduáfangi undir stýrimannaskóla, en á móti yrði felldur niður hluti af þeim siglingatíma, er skila verður, áður en í stýrimannaskólann er komið, og ætlaður er til verklegs náms.

Hér er minnst á verkstjórn vegna þeirrar viðurkenningar, sem starf verkstjórnenda hefur fengið á seinni tímum sem einn af höfuðþáttum aukinnar hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, en starf yfirmanns á skipi, bæði farskipi og fiskiskipi, er í mörgum tilfellum ekki annað en verkstjórn, sem að auki felur í sér ábyrgð margra mannlífa og mikilla verðmæta.

Þótt í stýrimannaskólanum sé einnig farmannadeild, er veitir mönnum rétt til stjórnar farskipa og varðskipa, er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir ljúki slíkri skólagöngu fyrst á kostnað siglingatímans. Einnig má hugsa sér aðrar námsgreinar, þótt sjóvinna alls konar, verkstjórn, viðhald og umhirða skipa auk allrar meðferðar á farni, bæði um borð og frá borði, væri sjálfsagt.

Að í tillögunni er getið um verknám gagnfræðaskólanna, kemur til af því að sjálfsagt er að taka slíka kennslu upp vegna þess, að fjöldi unglinga kynnist þá störfum þessa stóra atvinnuvegar, en yrði án hans ella. Margir fá við slíkt unglínganám slíkan áhuga á starfinu, að þeir leggja þetta nytjastarf fyrir sig. Og síðast, en ekki sízt, er hið almenna uppeldisgildi.

Nú um allan skeið hafa farið fram á vegum áhugaaðila prófanir á sjóvinnunámskeiðum. Þessar prófanir hafa nú þróast í föst sjóvinnunámskeið, sem haldin hafa verið 4 s. l. ár undir forustu sjóvinnunefndar Æskulýðsráðs.

Aðrir aðilar að þessari sjóvinnunefnd eru nú Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasamband Íslands og Vinnuskóli Reykjavíkur.

Kennarar þessara námskeiða, skipstjórnamennirnir Ásgrímur Björnsson, Einar Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson, hafa við mjög ófullkomnar aðstæður sýnt frábæran dugnað og þrautseigju, sem bezt lýsir sér í hinni stöðugt auknu aðsókn að námskeiðum þessum. Fyrir tveimur árum voru þátttakendur 85, s. l. ár voru þeir 100, en eru nú 140, er hljóta tilsögn 2 daga í viku 2 klst. í senn.

Með öðrum þjóðum, sem mun minna eiga undir sjósókn komið, annast fastar stofnanir slíka fræðslu og eru þá ávallt starfandi við sjó, þannig að það, sem kennt er í landi, er með stuttum fyrirvara prófað við raunhæfar aðstæður, úti á sjó, á skipum, sem slíkar stofnanir hafa yfir að ráða.

Óþarft er að fjölyrða um þessi mál umfram það, sem þegar er sagt í greinargerð þessari. Öllum landsmönnum ætti að vera augljós þörf á fastri og skipulagðri starfsemi um að glæða áhuga unglinga og annarra á nytsömum störfum við þann atvinnuveg, er nú skilar um 90% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar, og er vart vansalaust, að þessi mál skuli ekki þegar hafa verið tekin fastari tökum.

Af þessum ástæðum er 2. töluliður þingsályktunartillögunnar til kominn.